

REGLUR

um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem skylt er að birta upplýsingar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.

Upplýsingaskylda fjármálafyrirtækja.

Fjármálafyrirtæki skal birta upplýsingar samkvæmt áttunda hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 18. gr. laga um fjármálafyrirtæki, með þeim hætti og þeirri tíðni sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2024/3172, sbr. 3. gr.

3. gr.

Innleiðing reglugerðar.

Með reglum þessum öðlast gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3172 frá 29. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi birtingu upplýsinga sem um getur í II. og III. bálk í 8. hluta reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og sem fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/637, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2025 frá 13. júní 2025.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3172 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union): <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32024R3172&qid=1748952346297>, birt í OJ deild L, undirdeild R, þann 31. desember 2024.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 772/2023, um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja.

Seðlabanka Íslands, 29. desember 2025.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri.